



SSV  
Samtök sveitarfélaga  
á Vesturlandi

Borgarnesi 11.01.2016

Akraneskaupstaður

b.t. Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri

**Efn; Tilnefning fulltrúa í vinnuhóp um samgönguáætlun Vesturlands árin 2016-2028**

Á haustþing Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) sem fram fór á Hótel Glym í Hvalfirði í október 2015 var mikil umræða um samgöngumál. Í máli margra fundarmanna kom fram hvatning til stjórnar SSV um að hefja vinnu við gerð langtíma samgönguáætlunar fyrir Vesturland. Þessi hvatning var í samræmi við áherslur í Sóknaráætlun Vesturlands, en það er eitt af markmiðum hennar að vinna slíka áætlun. Með hliðsjón af þessu samþykkti stjórn SSV á fundi sínum 25 nóvember s.l. að skipa vinnuhóp til að vinna samgönguáætlun Vesturlands.

Í vinnuhópnum verða sjö fulltrúar, sex tilnefndir af sveitarfélögum á Vesturlandi og einn skipaður af stjórn SSV og verður hann jafnframt formaður hópsins. Áætlað er að hópurinn taki til starfa í febrúar n.k.

Hér með óska Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi eftir því að Akraneskaupstaður tilnefni einn fulltrúa í vinnuhóp um samgönguáætlun Vesturlands.

Með vinsemdu og virðingu

Páll S. Brynjarsdóttir

Framkvæmdastjóri SSV